



Fundargerð

5. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. febrúar 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarki Guðnason og Óskar Örn Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 15.00.

Formaður fór yfir dagskrá fundarins og lagði til að málum númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 verði frestað, en önnur mál á dagskrá fái afgreiðslu. Tillagan samþykkt.

Almenn mál

1. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags
Málinu frestað.
2. 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting
Málinu frestað.
3. 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðapjónusta
Málinu frestað.
4. 1906004 - Deiliskipulag Efri Ey II og III
Málinu frestað.
5. 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting
Málinu frestað.
6. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag
Málinu frestað.
7. 2409004 - Giljaland, breyting á deiliskipulagi
Málinu frestað.
8. 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag
Málinu frestað.



9. 2410017 - Laki deiliskipulag

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir Laka. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 20 janúar 2025. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

*Breytingar sem gerðar voru eftir auglýsingu voru eftirfarandi:
Um fjöllum um vatnsöflun lagfærð og uppdráttur lagfærður þar sem eftir auglýsingu einungis ein tenging er sýnd á þjóðveg.*

Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að byggingar falli vel að landslagi hvað varðar lit og efnisval.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. 2409010 - Deiliskipulag Kirkjubæjarklaustur, skipulagslýsing

Tekin fyrir skipulagslýsingu á deiliskipulagi Kirkjubæjarklausturs. Lýsingin var kynnt með athugasemdafresti til 6. janúar 2025. Umsagnir og athugasemdir bárust frá 8 aðilum og fyrir liggur samantekt þeirra og viðbrögð við þeim.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að tekið verði tillit til þeirra athugasemda og umsagna sem bárust við lýsinguna við áframhaldandi tillögugerð eins og fram kemur í viðbragðaskjali við umsögnum og athugasemdum.

11. 2501013 - Rangárþing eystra

Lagt fram bréf frá Rangárþingi eystra, dagsett 6. janúar 2025. Þar er óskað eftir athugasemdum og/eða umsögn vegna breytinga á deiliskipulagi jarðarinnar Ytri-Skóga

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Ráðið leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að bæta ásýnd Skógafoss með því að grisja skógrækt sem er í nágrenni fossins.

12. 2501009 - Minjastofnun Íslands

Lagt fram bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett, 18. desember 2024, ásamt greinargerð og tillögum um framtíðarsýn Núpsstaðar.

Lagt fram til kynningar. Skipulags- og umhverfisráð fagnar erindinu.

13. 2501002 - EP Power Minerals Iceland ehf.

Lagt fram minnisblað, dagsett, 16. janúar 2025, frá EP Power Minerals ehf., vegna fyrirhugaða framkvæmda fyrirtækisins í Skaftárhreppi.

Lagt fram til kynningar.



14. 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús-fyrirspurn um byggingaráform

Tekið fyrir erindi Helga Kjartanssonar dagsett 24. janúar 2025. Í erindinu er sótt um afstöðu skipulags- og umhverfisráðs varðandi áform um að breyta fjárhúsi í landi Hrífuness með landnúmerinu L213050. Áformin ganga út að breyta fjárhúsi í gistirými fyrir allt að 40 gistirúm ásamt almennu þjónusturými. Meðfylgjandi erindinu fylgja teikningar er sýna útlit og grunnmynd hússins.

Skipulags- og umhverfisráð tekur vel í erindið, en bendir á að gera þarf breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið.

15. 2502008 - Tjarnargígur deiliskipulag

Tekið fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Tjarnargíg. Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk í Laka í Skaftárhreppi, sem er innan Vatnajökulshjódgarðs. Ráðgert er að gera 34 bílastæði, auk tveggja bílastæða fyrir fatlaða og bifreiðastæði fyrir tvær rútur, þar sem bílum er lagt í dag við salernishús. Deiliskipulagið skilgreinir tvo byggingarreiti B1 og B2 þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir landverði, salerni með áningarbekkjum fyrir gesti. B1- Aðstaða fyrir landverði og þjónustuhús. Innan reitsins er í dag tvö hús samtals 20,5 m² og vindmylla. Hámarks byggingarmagn innan B1 er allt að 120 m². Hámarkshæð í mæni húsa er 3,5 m. B2- Gert er ráð fyrir salernisaðstöðu Hámarksbyggingarmagn 50 m². Hámarkshæð í mæni húsa er 3,5 m.

Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að byggingar falli vel að landslagi hvað varðar lit og efnisval.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði auglýst skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 16:47.

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Bjarki Guðnason

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurason

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Bjarki Vilhjálmur Guðnason